



11. júlí 2024
Tilv.: 2406077

Dreifibréf nr. 20/2024
Til: Fjármálafyrirtækja, eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og
Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um trausta starfskjarastefnu á grundvelli CRD IV

Seðlabanki Íslands hefur tekið upp viðmiðunarreglur¹ um trausta starfskjarastefnu á grundvelli tilskipunar 2013/36/ESB (CRD IV²), sem innleidd er í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Viðmiðunarreglurnar eru gefnar út af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni. Viðmiðunarreglurnar beinast að eftirlitsyfirvöldum, fjármálafyrirtækjum og eignarhaldsfélögum á fjármálasviði.³ Tilgangur þeirra er að stuðla að samræmdri túlkun og eftirlitsaðgerðum varðandi reglur um starfskjarastefnur og starfskjör fjármálafyrirtækja.

Viðmiðunarreglurnar varða starfskjarastefnur og starfskjaraframkvæmd (föst starfskjör og breytileg starfskjör, þ.e. kaupauka). Fjallað er um starfskjör og starfskjarastefnur í 92.-96. gr. CRD IV, sem innleidd eru í 57. gr. a – 57. gr. f laga um fjármálafyrirtæki.

Viðmiðunarreglurnar hafa að geyma ákvæði sem útfæra nánar kröfur til starfskjarastefna, setningu þeirra og endurskoðunar, og stjórnskipulags í kringum starfskjör almennt. Einnig eru útfærðar nánar kröfur til starfskjaranefnda, bæði hvað varðar hlutverk og samsetningu.

Í viðmiðunarreglunum er fjallað með nokkuð ítarlegum hætti um kaupauka, hvenær heimilt er að greiða kaupauka og með hvaða hætti, sem og árangursmælikvarða sem skulu liggja til grundvallar kaupauka. Einnig er fjallað um frestun og endurkröfu kaupauka. Þá er fjallað um eftirlit fjármálafyrirtækja með starfskjarastefnum og starfskjörum auk ákvæða um gagnsæi og birtingu upplýsinga um starfskjör. Þá eru útfærðar nánar sérstakar kröfur varðandi starfskjör þeirra hópa starfsfólks sem teljast hafa marktæk áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis (*e. identified staff*).

Þrátt fyrir að framangreindum aðilum beri framvegis að taka mið af ákvæðum viðmiðunarreglnanna í störfum sínum vill Seðlabankinn áréttta að ekki er fullt samræmi milli allra töluliða viðmiðunarreglnanna og ákvæða laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þurfa fjármálafyrirtæki að taka tillit til þess þegar þau tileinka sér efni viðmiðunarreglnanna, sbr. eftirfarandi:

¹ Guidelines on sound remuneration policies under CRD; [EBA/GL/2021/04](#)

² Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum.

³ Þrátt fyrir að viðmiðunarreglurnar beinist að eftirlitsyfirvöldum, lánastofnunum og þeim verðbréfafyrirtækjum sem falla undir VII. bálk CRD tilskipunarinnar mun Seðlabankinn einnig styðjast við viðmiðunarreglurnar þegar um er að ræða verðbréfafyrirtæki. Helgast þetta af því að á Íslandi gilda sömu reglur um kaupauka lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, sbr. 1. mgr. 1. gr. a. laga nr. 161/2002 að undanskildum félögum með takmarkaðar starfsskyldur skv. 8. mgr. 14. gr. a. sömu laga. Þá er kveðið á um í 109. gr. sömu laga að ákvæði C-hluta VII. kafla um starfskjör gilda einnig um eignarhaldsfélög á fjármálasviði.

- Á nokkrum stöðum er vikið að því hvernig hækka megi hlutfall kaupauka upp í 200% af föstum starfskjörum. Á Íslandi skal kaupauki ekki nema umfram 25% af föstum starfskjörum, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 57. gr. b.
- CRD IV og viðmiðunarreglurnar gera ráð fyrir að aðeins séu settar takmarkanir á starfsfólk sem í störfum sínum hafa veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar (*e. identified staff*). Þær takmarkanir á kaupaukum, sem finna má í 57. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, ná hins vegar til allra starfsmanna fjármálafyrirtækja. Rétt er að lesa tilvísanir viðmiðunarreglnanna til tilgreinds starfsfólks (*e. identified staff*) með þetta í huga.
- Í 11. kafla viðmiðunarreglnanna er m.a. fjallað um kaupauka til stjórnenda í „supervisory function“, sem er félagsstjórn í íslenskum rétti. Á Íslandi er óheimilt að veita stjórnarmönnum kaupauka, sbr. 5. mgr. 57. gr. b í lögum um fjármálafyrirtæki.
- Á nokkrum stöðum í viðmiðunarreglunum, svo sem í 12. kafla og í kafla 14.1.3, er vikið að ákvörðun kaupauka til starfsmanna eftirlitseininga með ákveðnum takmörkunum. Á Íslandi er með öllu óheimilt að veita starfsmönnum innri endurskoðunar, áhættustýringar og regluvörslu kaupauka, sbr. 5. mgr. 57. gr. b í lögum um fjármálafyrirtæki.

Viðmiðunarreglurnar eiga við um öll önnur atriði er varðar starfskjör og greiðslu kaupauka almennt.

Þá er hér einnig rétt að vekja athygli á að ESMA hefur gefið út viðmiðunarreglur sem fjalla um tiltekin atriði varðandi kröfur til starfskjara á mörkuðum fyrir fjármálagerninga (Guidelines On certain aspects of the MIFID II remuneration requirements; [ESMA35-43-3565](#)). Seðlabankinn hefur tekið upp þessar viðmiðunarreglur og sent til viðkomandi eftirlitsskyldra aðila, sbr. dreifibréf nr. 23/2024. Umræddar viðmiðunarreglur gilda m.a. um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til að sinna þeim verkefnum sem fram koma í 4. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESA reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnanna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til fjármálafyrirtækja og eignarhaldsfélaga á fjármálasviði að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur EBA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Samhliða upptöku viðmiðunarreglnanna verða reglur nr. 388/2016 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja felldar úr gildi, sbr. auglýsingu sem mun birtast í Stjórnartíðindum hinn 18. júlí 2024. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að krafa um árleg skil á úttekt og greiningu á kaupaukakerfi til fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 13. gr., reglnanna, fellur niður með brottfalli þeirra. Skyldan til að framkvæma reglubundnar úttektir helst þó, sbr. kafla 2.5 og liða 40. til 42. í viðmiðunarreglunum og getur fjármálaeftirlitið kallað eftir slíkum

úttektum á hverjum tíma sbr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Kristín Logadóttir
forstöðumaður
varúðareftirlit

